

Svar

matvælaráðherra við fyrirspurn frá Helgu Völu Helgadóttur um fjölgun starfsfólks og embættismanna.

1. *Hversu margt starfsfólk hefur verið ráðið til starfa hjá matvælaráðuneyti frá því að ný ríkisstjórn Katrínar Jakobsdóttur tók við völdum 28. nóvember 2021? Svar óskast sundurliðað eftir því:*
 - a. *hvort um er að ræða skipun í embætti eða ráðningu,*
 - b. *hvort um er að ræða tímabundnar ráðningar/skipanir eða ótímabundnar,*
 - c. *hversu mörg ný störf er um að ræða.*
 - a. Skipað hefur verið í tvö embætti skrifstofustjóra.
 - b. Skipun skrifstofustjóra er til fimm ára. Ráðið hefur verið í eitt starf tímabundið í eitt ár vegna fæðingarorlofs. Tvö störf eru vegna sérverkefnis og eru til tveggja ára. Sex störf eru ótímabundin.
 - c. Um er að ræða sex ný störf. Þar af eru tvö vegna tímabundins verkefnis til tveggja ára og önnur tvö sem má rekja til þess að fjármála- og rekstrarskrifstofu ANR var skipt á milli tveggja ráðuneyta. Þessu til viðbótar fluttist eitt stöðugildi frá umhverfisráðuneyti til matvælaráðuneytis vegna Skógræktar og Landgræðslu.
2. *Hversu margar stöður hafa verið auglýstar frá því í nóvember 2021? Svar óskast sundurliðað eftir því hvort um er að ræða skipun í embætti eða ráðningu.*
Sex stöður hafa verið auglýstar. Eitt embætti skrifstofustjóra var auglýst.
3. *Hver er fjöldi stöðugilda á málefnaðum matvælaráðuneytis samanborið við fjöllda stöðugilda sömu málefnaði í viðeigandi ráðuneytum í nóvember 2017?*

	nóvember 2017	desember 2022
Skrifstofa landbúnaðar	11,5	11
Skrifstofa sjávarútvegs	8,5	10
Skrifstofa matvæla		10
Skrifstofa sjálfbærni		3
Skrifstofa fjármála	18	12
Skrifstofa yfirstjórnar	2	1
Samtals	40	47

Hinn 1. janúar 2020 voru sex starfsmenn Búnaðarstofu og verkefni þeirra flutt frá Matvælastofnun til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytis. Á árinu 2020 var skrifstofa matvæla stofnuð í ráðuneytinu og á árinu 2022 var skrifstofa sjálfbærni stofnuð. Í nóvember 2017 voru starfandi tveir bílstjórar í ráðuneytinu og voru á skrifstofu fjármála. Bílstjórar hafa verið fluttir til Umbru, rekstrarfélags Stjórnarráðsins. Þrír starfsmenn voru í fæðingarorlofi í des-

ember 2022 þannig að raunfjölgun milli áranna 2017 og 2022 er fjögur stöðugildi, þar af eru tvö vegna tímabundinnar ráðningar í sérverkefni.

4. *Hver er áætlaður viðbótarkostnaður vegna fjölgunar starfsfólks hjá matvælaráðuneyti á kjörtímabilinu?*

Heildarkostnaður vegna fjögurra stöðugilda, þar af tveggja til tveggja ára, er áætlaður um 186 millj. kr. með launatengdum gjöldum á kjörtímabilinu.